

Andleg velferð fanga allra hagrur



Fangelsið á Litla Hrauni Mbl.is/Július Sigurjónsson

Þær aðstæður sem fangar búa við í fangelsum geta haft neikvæð áhrif á geðheilsu þeirra. Yfirfull rými, ýmis form ofbeldis, einangrunarvistun sem og skortur á næði, einangrun frá félagsneti og óöryggi vegna framtíðarmöguleika; allt eru þetta þættir sem geta haft áhrif á geðheilsu fanga.

Á fundi með allsherjarnefnd Alþingis í gær um geðheilbrigðismál fanga lögðu hagsmunasamtökin Geðhjálpar til að gerð verði geðheilbrigðisáætlun fyrir fanga með geðraskanir. Í minnisblaði sem Geðhjálpar

lagði fram á fundinum er m.a. lögð áhersla á að allir fangar hafi jafnan aðgang að þjónustu geðlækna og að gott aðgengi fanga að geðheilbrigðisþjónustu sé allra hagrur.

Misjafn aðgangur og langur biðtími

Geðhjálpar hefur undanfarna mánuði kannað aðgengi fanga að geðheilbrigðisþjónustu og m.a. rætt við forstöðumenn fangelsana í Reykjavík og Litla Hrauns á síðasta ári auk forsvarsmenn Afstöðu, félags fanga. Niðurstaða þessara viðræðna var sú að vandinn snúi helst að aðgengi fanga að þjónustu geðlækna, þá sérstaklega í öðrum fangelsum en Litla Hrauni. Á Litla Hrauni er starfandi geðlæknir í 20% starfshlutfalli, en sambærilega þjónusta er ekki að finna í öðrum fangelsum og er föngum því mismunað að þessu leyti.

Langur biðtími hefur verið eftir geðheilbrigðisþjónustu í fangelsunum og skortur á eftirfylgni, að því er Geðhjálpar hefur eftir Afstöðu, félags fanga. Þá kom fram í samtölum ráðgjafa Geðhjálpar við starfsmenn fangelsa að þeir séu úrræðalausir þegar kemur að þungum geðheilbrigðismálum innan veggja fangelsanna.

Fangar njóti sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og aðrir

Í minnisblaði Geðhjálpar sem lagt var fyrir fund allsherjarnefndar í gær er bent á að samkvæmt lögum skuli fangar njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og aðrir auk þess sem lagalegar skyldur hvíla á stjórnvöldum að því er varðar líkamlega og andlega velferð fanga. Bætt geðheilbrigðisþjónusta innan fangelsa sé í allra þágu, bæði fyrir fanga, starfsfólk og samfélagið í heild.

Ekki sé hægt að líta á geðheilbrigði fanga sem einangrað málefni, þar sem stöðug samskipti séu milli fangelsisins og samfélagsins í heild. Geðheilbrigðismál fanga verður því að setja í samhengi við heildarstefnumótun stjórnvalda um geðheilbrigðismál. Á fundi allsherjarnefndar í gær var tekið vel í tillögu um geðheilbrigðisáætlun fyrir fanga og verður þingsályktunartillaga þess efnis lögð fyrir Alþingi í haust.